



ÁRSRIT 2012

Golfklúbbur Kópavogs og Garðabæjar
Sími: 565 7373 • gkg@gkg.is
www.gkg.is



Ævintýrlegt úrval af kvikmyndum og sjónvarpsefni í Sjónvarpi Símans



Ljósnetið er
kraftmeiri tenging
fyrir íslensk heimili

Með Ljósnetinu færðu háhraðanettengingu með mikla flutningsgetu. Þú getur tengt allt að fimm háskerpulykla fyrir Sjónvarp Símans þar sem hægt er að leigja kvikmyndir og horfa á yfir 100 íslenskar og erlendar sjónvarpsrásir.

Kynntu þér áskriftarleiðirnar á siminn.is eða í 800 7000.

Vinsælasta leiðin			
			
Ljósnet 1 10GB	Ljósnet 2 40GB	Ljósnet 3 80GB	Ljósnet 4 140GB
Mánaðarverð 4.690 kr.	Mánaðarverð 5.690 kr.	Mánaðarverð 6.790 kr.	Mánaðarverð 8.090 kr.

Ljósnetið er allt að 50 MB/sek

Ágætu félagar í GKG

Þessi ársskýrsla gefur ykkur yfirlit yfir 19. starfsár klúbbsins. Þetta hefur verið nokkuð sérstakt ár fyrir GKG og þá einkum vegna þess að framkvæmdastjóri okkar, Ólafur Einar Ólafsson, lést þann 17. maí sl. langt um aldur fram. Þar missti GKG frábæran starfsmann, en umfram allt góðan féлага sem við munum minnst með miklu þakklæti og hlýju, en Óli hafði alltaf mikinn metnað fyrir GKG og var vakinn og sofinn yfir velferð klúbbsins. Við söknum hans öll. Að öðru leyti má segja að þetta starfsár hafi gengið vel á flestum sviðum eins og fram kemur í skýrslunni. Það er feikna mikið starf sem unnið er af félögum okkar og starfsmönnum á hverju ári og vil ég þakka öllum sem þar eiga hlut að máli kærlega fyrir vel unnin störf. Stjórnin hefur lagt mikla áherslu á að bæta vellina okkar og á þessu ári voru miklar framkvæmdir í gangi og ber þar helst að nefna malbikun stíga og aukna trjárækt sem vissulega gera vellina bæði snyrtilegri og um leið skemmtilegri fyrir okkur öll. Mikil aðsókn hefur verið hin síðari ár að komast í GKG og hefur stjórnin þurft að takmarka mjög þann fjölda sem við hlepum inn í klúbbinn á hverju ári. Stjórnin hefur sett sér þau viðmið að fullborgandi félagar verði um 1300 og börn, unglingar og eldri félagar verði um 500. Það er þó alveg skýrt hjá okkur að stjórnin setur engin mörk á fjölda barna í klúbbnum, því í okkar huga er það mjög mikils virði að fá krakka inn í klúbbinn og ala þau þar upp í guðsóttu og góðum siðum. Það mun á seinni stigum færa klúbbnum okkar góða féлага, sem vonandi halda merki GKG hátt á lofti í framtíðinni. Mér sýnist að sú stefna sem rekin hefur verið hjá okkur í GKG muni skila okkur góðum völlum og ekki síður góðum félagskap og skulum við horfa með hjartsýni til komandi ára.



Guðmundur Oddsson
formaður GKG

EFNISYFIRLIT

5.	Nýting valla	18.	Úrslit Meistaramóts 2011	35.	Áritun óháðs endurskoðanda
7.	Stjórn og nefndir	20.	Árangur kylfinga	36.	Rekstraryfirlit
8.	Frábær árangur Ragnars	23.	Mótanefnd	37.	Efnahagsreikningur
9.	Skipting félagsmanna	27.	Vallarnefnd	38.	Sjóðsstreymi
10.	Stjórnarstörf	29.	Vetrarvöllur 2012–2013	40.	Líflegur golfklúbbur (myndir)
12.	Vinavellir	30.	Trjáræktarnefnd	41.	Minning
14.	Kvennanefnd	32.	Holukeppni GKG	42.	Klúbbmeistarar 2012
17.	Íþróttasvið	32.	Fjáröflunarnefnd	42.	Lokaorð
		34.	Áritun stjórnar		



Agnar Már Jónsson
framkvæmdastjóri GKG
agnar@gkg.is


Ársrit GKG 2012
Útgefandi: Golfklúbbur Kópavogs og Garðabæjar.
Ábyrgðarmaður: Agnar Már Jónsson.
Hönnun og útlit: PIPAR\TBWA.
Ljósmyndir: Jón Guðmundsson, Gummi vallarstjóri og myndir frá félagsmönnum.
Prentun: Svansprent.
Sérstakar þakkir: Sigurður Hliðversson.



Aftari röð frá vinstri: Kristinn Jörundsson gjaldkeri, Bergþóra Sigmundsdóttir meðstjórnandi, Gunnar Jónsson meðstjórnandi, Gunnar Páll Þórisson meðstjórnandi og Jón K. Baldursson varamaður. Sitjandi frá vinstri: Einar Gunnar Guðmundsson varamaður, Jónína Pálsdóttir varamaður, Guðmundur Oddsson formaður, Áslaug Sigurðardóttir varaformaður og Símon Kristjánsson ritari.




LEIKNIR HRINGIR Á LEIRDALSVELLI 2009 - 2010 - 2011 - 2012



		Apríl	Maí	Júní	Júlí	Ágúst	September	Október	Samtals
2009		0	4221	5369	6038	4544	2217	261	22.650
2010		2	4167	5673	5987	4696	2246	912	23.681
2011		2	3334	6418	7139	5839	3212	676	26.618
2012		505	5367	5875	6709	5051	2409	3230	28.641

LEIKNIR HRINGIR Á MÝRINNI 2009 - 2010 - 2011 - 2012



		Apríl	Maí	Júní	Júlí	Ágúst	September	Október	Samtals
2009		5	2736	6401	7212	5898	3032	341	25.620
2010		4	3409	6429	7044	5885	3265	1384	27.416
2011		2	2023	7346	7194	7146	3925	471	28.105
2012		547	6129	6961	6981	5312	3179	1553	30.115



NÝTT! HLEÐSLA MEÐ SÚKKULABLAGIÐ

NÚ FÆST HLEÐSLA Í FERNU MEÐ SÚKKULABLAGIÐ. HLEÐSLA ER KJÖRIN EFTIR HLAUP, GÓÐA ÆFINGU EÐA BARA Í DAGSINS ÖNN. HÚN ER GÓÐUR KOSTUR MILLI MÁLA OG ER RÍK AF PRÓTEINUM. HLEÐSLA Í FERNU HENTAR FLESTUM ÞEIM SEM Hafa MJÓLKURSYKURSÓPOL.



ELÍSABET MARGEIRSDÓTTIR
HLAUPARI OG NÆRINGARFRÆÐINGUR

HLEÐSLA 100%
ÍÞRÓTTADRYKKJUR HÁGÆÐA
PRÓTEIN



Stjórn og nefndir 2012

FORMAÐUR

Guðmundur Oddsson

VARAFORMAÐUR

Áslaug Sigurðardóttir

GJALDKERI

Kristinn Jörundsson

RITARI

Símon Kristjánsson

MEÐSTJÓRNENDUR

Gunnar Jónsson

Gunnar Páll Þórisson

Bergþóra Sigmundsdóttir

VARAMENN

Jónína Pálsdóttir

Jón K. Baldursson

Einar Gunnar Guðmundsson

FRAMKVÆMDASTJÓRI

Agnar Már Jónsson

SKRIFSTOFA

Guðrún Helgadóttir

VALLARSTJÓRI

Guðmundur Árni Gunnarsson

AÐSTOÐARVALLARSTJÓRI

Einar Gestur Jónasson

ÍÞRÓTTASTJÓRI

Úlfar Jónsson

AFREKSPJÁLFARI

Derrick Moore

UNGLINGALEIÐBEINANDI

Hlynur Þór Haraldsson

LEIÐBEINANDI

Birgir Leifur Hafþórsson

AGA- OG DÓMARANEFND

Kjartan Bjarnason

FJÁRÖFLUNARNEFND

Einar Gunnar Guðmundsson

FORGJAFARNEFND

Kjartan Bjarnason

KVENNANEFND

Bergþóra Sigmundsdóttir

Sesselja Magnea Matthíasdóttir

Bryndís Hinriksdóttir

Sóley Stefánsdóttir

Hildur Pálmadóttir

Linda B. Pétursdóttir

Rósa Margrét Sigursteinsdóttir

KYNNINGARNEFND

Sigurður Hlöðversson

MÓTANEFND

Jón K. Baldursson

Bergsveinn Þórarinnsson

Björn Steinar Stefánsson

Björn Þ. Svavarsson

Einar Gunnar Guðmundsson

Guðjón Kolbeinsson

Gunnar Árnason

Hafþór Jónsson

Haukur Hermannsson

Heimir Jón Guðjónsson

Hjalte Rúnar Sigurðsson

Jónína Pálsdóttir

Kjartan Bjarnason

Kolbrún Stefánsdóttir

Kristján Björgvinsson

Ólafur Arnar Kristjánsson

Ólöf Ásgeirsdóttir

Pétur Örn Guðmundsson

Rósa Margrét Sigursteinsdóttir

Sigurjón Sigurjónsson

Sverrir Helgi Jónsson

Sæmundur Melstað

Þorgrímur Björnsson

NÝLIÐANEFND

Úlfar Jónsson

Derrick Moore

ÍÞRÓTTANEFND

Gunnar Páll Þórisson

Áslaug Sigurðardóttir

Valgeir Tómasson

Ólafur Sigurðsson

VALLARNEFND

Símon Kristjánsson

Andrés Guðmundsson

Guðmundur Árni Gunnarsson

Einar Gestur Jónasson

Jóhanna Ríkey Sigurðardóttir

Óttó Sigurðsson

Eðvald Geirsson

TRJÁRÆKTARNEFND

Gunnlaugur Sigurðsson

Eðvald Geirsson

Gísli Guðbjartsson

Guðmundur Ólafsson

Ingólfur Hansen

Ólafur Nilsson

LAGANEFND

Gunnar Jónsson

KJÖRNEFND

Steinar J. Lúðvíksson

SKEMMTINEFND

Sigurður Hlöðversson

Lórenz Þorgeirsson








Frábær árangur Ragnars

Ragnar Már Garðarsson gerði sér lítið fyrir og sigraði á Duke of York mótinu, sem fór fram í september sl. á Royal Troon vellinum í Skotlandi. Mótið var gríðarlega sterkt og virt unglingamót, en einungis landsmeistarar unglunga fá þátttökurétt í mótinu. Meðal fyrrum keppenda eru margir af fremstu atvinnumönnum í dag, t.a.m. Rory McIlroy, sem hafnaði í öðru sæti á mótinu 2004. Hertoginn af Jörvík, Andrew prins er verndari mótsins. Guðrún Brá Björgvinsdóttir úr Keili, Íslandsmeistari stúlkna, var einnig meðal keppenda og hafnaði hún í 27. sæti af 53 keppendum.

Ragnar hóf lokahringinn í 7. sæti, 7 höggum á eftir Katja Pogacar frá Slóveníu, en átti frábæran lokahring á parinu, 72 höggum. Aðstæður voru mjög erfiðar allt mótið, en mikill vindur gerði leikmönnum erfitt fyrir. Ragnar lék á 76-77-72, eða samtals 9 höggum yfir pari, og sigraði eftir bráðabana við Pogacar og Max Orrin frá Englandi. Pogacar datt út á fyrstu holu, en á þriðju holu náði Ragnar Már pari eftir að hafa lent í glompu við flöt, en Engendingurinn fékk skolla.

Frábær árangur sem kórónar magnað tímabil hjá Ragnari, en hann hefur verið afar sigursæll á tímabilinu og var valinn efnilegasti kyflingurinn af afreksnefnd GSÍ.





Stjórnarstörf

Eftir síðasta aðalfund, sem haldinn var 28. nóv. 2011, var stjórn GKG svona skipuð:

Guðmundur Oddsson, formaður, Áslaug Sigurðardóttir, varaformaður, Kristinn Jörundsson, gjaldkeri, Símon Kristjánsson, ritari, Gunnar Jónsson, meðstjórnandi, Bergþóra Sigmundsdóttir, meðstjórnandi, Gunnar Páll Þórisson, meðstjórnandi, Jónína Pálsdóttir, varamaður, Einar Gunnar Guðmundsson, varamaður, Jón K. Baldursson, varamaður.

Stjórnin hélt 10 bókaða fundi auk félagsfundar og fjölda annarra funda þar sem einstakir stjórnarmenn funduðu með hinum ýmsu aðilum þar sem reynt var að þoka fram hagsmunamálum GKG. Flestir þessara funda voru við stjórnendur Kópavogs og Garðabæjar, einkum vegna fjármála og framkvæmda. Minna má á í þessu sambandi, að á síðasta aðalfundi stóðu skálamál GKG þannig að við höfðum kannað óskir félagsmanna um staðsetningu nýs skála og þar kom fram að 70% þeirra er svöruðu vildu hafa skálann sem næst bæjarmörkunum. Á fundi sem stjórnin var boðuð á hjá bæjarráði Garðabæjar hinn 20. mars sl. kom fram að meirihluti bæjarráðs hefði ákveðið eftir mikla skoðun að nýi skálinn verði á svipuðum slóðum og núverandi skáli er. Einnig kom fram að það þyrfti að setja í gang ýmis konar vinnu eins og t.d. að deiliskipuleggja svæðið. Allt tæki þetta sinn tíma. Framkvæmdastjóri okkar ásamt gjaldkera og ritara hafa síðan verið í sambandi við skipulagsyfyrvöld í Garðabæ um frekari vinnu á staðsetningu skálans og stærð byggingareits. Þó mikill tími hafi farið í fundahöld við sveitarfélögin eru störf stjórnar mörg önnur og hefur stjórnin reynt að halda vel utan um fjármálin, en það er okkur afar mikilvægt að þau séu í góðu lagi. Þá er okkur mikilvægt að afreks- og

unglingastarf sé í góðu lagi og vitaskuld reynum við að fylgjast vel með þeim þáttum.

Starfsmannamál

Starfsmannamálin hafa verið nokkuð umfangsmikil á þessu starfsári. Eftir fráfall Óla framkvæmdastjóra þurfti að bregðast skjótt við og finna stjórnanda sem allra fyrst. Við vorum afar heppin í erfiðleikum okkar því Valgeir Tómasson, sem unnið hafði hjá okkur í sumarvinnu og þekkti vel til starfsemi klúbbsins, gat losað sig úr starfi og var tilbúinn að taka við starfi framkvæmdastjóra fram til 1. ágúst. Hann og Gestur Gunnarsson, annar gamall sumarstarfsmaður voru því í forsvari fyrir klúbbinn fyrstu mánuðina og gerðu það með sóma. Stjórnin færir þeim félögum báðum bestu þakkir fyrir vel unnin störf. Nýr framkvæmdastjóri, Agnar Már Jónsson, var síðan ráðinn frá 1. ágúst. Auðvitað eru alltaf einhverjar mannabreytingar hjá okkur á hverju ári, en sem betur fer eru aðrir lykilstarfsmenn áfram og verða vonandi sem lengst. Ég veit ekki annað en Sigurður Ingason veitingamaður verði hjá okkur næsta ár.

Samskipti við sveitarfélögin

Eins og fram hefur komið gerðum við okkur vonir um að á þessu starfsári tækist okkur að fá afmarkaða lóð fyrir framtíðarstaðsetningu á okkar félagsaðstöðu. Það hefur hins vegar ekki tekist ennþá. Á fundi með fulltrúum Garðabæjar í lok ágúst um stöðu mála, en þá voru liðnir 3 mánuðir frá því að deiliskipulagsvinnan fór af stað, kom fram að Garðabær væri í viðræðum við ríkið um kaup á Vífilstaðalandi og myndu þau mál skýrast fljótlega, en eignarhald ríkisins torveldar alla skipulagsvinnu, því þó sveitarfélagið hefði skipulagsvaldið þá væri landið í eigu ríkisins. Við spurðum um tímaplan á þessum viðræðum og kom fram að gaman væri að geta lagt fram fullmótað skipulag fyrir



allt golfvallarsvæðið og þess vegna að skrifa undir samninga þegar Íslandsmótið færi fram hjá okkur árið 2014. Næsta stjórn verður því að vinna áfram í þessu máli og auðvitað náum við lendingu í málinu með tímanum, en satt best að segja er þetta mál að verða ansi þreytt og okkur til mikils ama. Stjórn Ríkisspítalanna heldur áfram að rukka okkur og nú í ár greiddum við kr. 3.900.000 í leigu fyrir landið. Þetta mál er ekkert að leysast eins og er, en þó eru alltaf að koma upp nýir fletir sem hugsanlega munu hjálpa okkur í að losna við þessa leigu. Undanfarin ár hafa allir okkar peningar, sem ekki fóru í rekstur, farið í vellina. Nú er klúbburinn tilbúinn til að setja fjármagn í uppbyggingu á öðrum þáttum starfseminnar. Það er alveg ljóst, að sú uppbygging kostar mikla peninga og okkur er því nauðsyn á að fá bæði sveitarfélögin með okkur í þá vegferð. Í viljayfirlýsingu sem skrifað var undir fyrir bæjarstjórnarkosningarnar 2006, lýstu bæjarstjórar beggja sveitarfélaganna því yfir að þau myndu hér eftir sem hingað til standa þétt saman um uppbyggingu á félagssvæði GKG. Stjórnin treystir því að þessi viljayfirlýsing sé enn í fullu gildi.

Í könnun sem gerð var meðal félagsmanna í lok árs 2011 varðandi forgangsörðun framkvæmda kom í ljós að nýtt klúbbhús ásamt fjölgun bílastæða væri efst á forgangslistanum. Mikilvægt er að átta sig á því að klúbbhús er ekki bara veitingasala. Í klúbbhúsi þarf að vera búningaöstaða, aðstaða fyrir barna og unglingastarf, kennslu og fyrirlestraraðstaða, geymslurými fyrir golfsett og bíla, en síðast en ekki síst er klúbbhúsið starfsvettvangur þeirra sem vinna að málefnum klúbbsins, kennara, íþróttastjóra og skrifstofuhalds. Stjórnin hefur látið gera fjárfestingaáætlun um uppbyggingu mannvikja frá árinu 2013 til ársins 2017 og hefur þeirri áætlun verið komið til Kópavogs og Garðabæjar. Samkvæmt þessari áætlun er heildarkostnaður áætlaður 675 milljónir króna og gert ráð fyrir að hlutur Kópavogs og Garðabæjar verði kr. 270 milljónir hvors

sveitarfélags en hlutur GKG verði kr. 135 milljónir.

GKG fékk 4 milljónir í rekstrarstyrk frá Garðabæ í ár, en engan rekstrarstyrk frá Kópavogi. Þá höfum við fengið rúmar 2 milljónir króna frá hvoru sveitarfélagi vegna unglingastarfsins. Loks fengum við 5 milljónir í framkvæmdastyrk frá Garðabæ og 10 milljónir frá Kópavogi. Við höfum nú þegar lokið tveim fyrstu áföngum í uppbyggingu á stígakerfi vallanna en heildaruppbygging þeirra var áætluð að muni kosta um 75 milljónum króna. Því miður stóðust ekki loforð sveitarfélaganna um fjárframlög til malbikunarframkvæmda á þessu ári svo klúbburinn þurfti að fjármagna þessar framkvæmdir sjálfur. Til að geta lokið þessum framkvæmdum á næsta ári þurfa sveitarfélögin að standa við fyrri loforð og veita okkur rúmar 30 milljónir á næsta ári. Alls setti klúbburinn rúmar 55 milljónir til hinna ýmsu framkvæmda á völlum í ár þar af 31 milljón til nýframkvæmda.

Fjármálin

Þó ekki verði á þessum stað rætt mikið um fjármál klúbbsins er nauðsynlegt að koma aðeins að þeim málum. Rekstur klúbbsins gekk mjög vel á þessu starfsári og skilaði einhverjum milljónum í tekjuafgang. Góðir félagar, rétt er að benda á að þessi tekjuafgangur hefur allur verið notaður til nýrra fjárfestinga á völlum. Heildartekjur GKG á þessu starfsári eru um 191 milljón og hafa hækkað um 6% frá síðasta ári, vallargjöldin hafa lækkað um 6% og tekjur af golfmótum hafa lækkað um 23% milli ára. Félagsgjöldin vega 62,6% af heildartekjum klúbbsins. Stjórnin leggur til að félagsgjöldin á næsta starfsári verði hækkuð um áttaðlaða vísitöluhækkun, sem trúlega verður 4,5–5% frá því sem nú er. Inntökugjald nýrra félaga verður 25% af fullu gjaldi eða í kringum kr. 20.000 á næsta starfsári. Nýir félagar yngri en 20 ára greiða ekkert inntökugjald.



Vinavellir

Á þessu starfsári hafa félagar í GKG getað farið á 4 svokallaða vinavelli og spilað þar fyrir 1.000 kr. hringinn. Vellirnir voru á Hellu, Keflavík, Akranesi og Borgarnesi. Á þessu ári þurfti GKG að greiða rúmar 2 milljónir króna vegna þessa, en 2,5 í fyrra. Ekki hefur verið tekin ákvörðun fyrir næsta sumar, en gera má ráð fyrir því að sömu vellir verði áfram í boði fyrir félagi GKG, því áhugi virðist eindregið mæla með því að halda þessu samstarfi áfram. Stjórnin mun leggja til að áfram verði félagar að greiða kr. 1.000 fyrir hvern spilaðan hring. Á þessu starfsári voru spilaðir hringir á vinavöllum sem hér segir: Hella 662 (567), Borgarnes 741 (793), Akranes 381 (691), Keflavík 298 (499), samtals 2082 (2550) hringir.

Glæsileg afrek

Klúbbmeistarar GKG í meistaraflokki karla og kvenna árið 2012 urðu þau Ragna Björk Ólafsdóttir og Guðjón Henning Hilmarsson. Margir kylfingar úr GKG náðu glæsilegum árangri á árinu. Hæst ber árangur Ragnars Máss Garðarssonar, en hann sigraði á Duke of York Champion mótinu, þar sem landsmeistarar víðsvegar að úr heiminum mæta.

Auk þess varð Ragnar Már Íslandsmeistari í flokki 17–18 ára og sigurvegari á tveimur öðrum mótum í Arionbankamótaröðinni. Hann tryggði sér stigameistaratitilinn sem og viðurkenninguna efnilegasti pilturinn af afreksnefnd GSÍ. Sveit GKG varð Íslandsmeistari í 1. deild karla í sveitakeppni GSÍ í fjórða sinn frá 2004. Með sigrinum tryggði sveitin sér þátttökurétt á EM klúbblíða sem haldið var á Kypur í október sl. Alfreð Brynjar Kristinsson, Guðjón Henning Hilmarsson og Kjartan Dór Kjartansson léku fyrir GKG og náði einum besta árangri sem íslenskt lið hefur náð, en þeir enduðu í 6.–7. sæti af 25 þjóðum. Þá hefur Birgir Leifur verið að leika á úrtökumótum bæði austan hafs og vestan. Kvennasveitin varð í þriðja sæti 1. deildar. Þá má nefna að öldungasveitir karla og kvenna urðu báðar í 2. sæti í sveitakeppninni. Ekki má gleyma frábærum árangri Maríu Guðnadóttur í hinum ýmsu mótum sumarsins, en hún sigraði á alls 7 mótum í sumar. GKG átti átta sem spiluðu fyrir hönd Íslands í verkefnum GSÍ erlendis á árinu. GKG er með öflugasta barna- og unglingastarfið á landinu. Í klúbbum eru fjölmargir mjög efnilegir unglingar sem munu halda merki klúbbsins hátt á lofti næstu árin. Það hefur verið markviss stefna okkar að gefa okkar unga fólki kost á auknum æfingum og betri aðstæðum til gólfíðkunar. Þetta starf er nú að skila okkur miklum árangri á landsvísi og GKG á mikinn fjölda mjög efnilegra unglinga sem stöðugt eru að bæta sig og eru nú þegar komnir í hóp þeirra allra bestu á landinu. Við eigum að halda afrekum okkar fólks hátt á lofti og nýta okkur þennan góða árangur til frekari framdráttar. Það eflir allt okkar starf og hvetur okkur til frekari dáða. Þjálfarar okkar með þá Úlfar Jónsson, Derrick Moore og Hlyn Þór Haraldsson fremsta í flokki hafa unnið frábært starf fyrir GKG og er full ástæða til að þakka þeim fyrir vel unnin störf á árinu.

Skrifstofutæki fyrir öll fyrirtæki

www.optima.is



RICOH

Mikið úrval ljósritunarvéla,
prenturum og skönnum
fyrir stór sem smá fyrirtæki.



Öryggis- og peningaskapar



Skjala- og skrifstofuskapar



Prentarar, skannar og ljósritunarvélar

Hafðu samband við sölumenn okkar og sjáðu hvað við
getum gert fyrir þig

STOFNAÐ 1953

OPTIMA

Vinlandsleið 6-8, S. 588 9000

Optima er aðili að rammisamningi Ríkiskaupa



LÉTTUR FATNAÐUR

MEÐ GÓÐRI ÖNDUN

2 laga hlífðarbuxur með 20.000 mm vatnsheldni.

3 laga jakkar með 30.000 mm vatnsheldni.

Haglöfs útivistarfatnaðurinn hentar vel í alla útivist.



 **INTERSPORT**

LINDUM / BÍLDSHÖFÐA / AKUREYRI / SELFOSSI / www.intersport.is



Skýrsla kvennanefndar fyrir árið 2012

Kvennanefnd GKG 2012 skipuðu Bergþóra Sigmundsdóttir, Sesselja Magnea Matthíasdóttir, Bryndís Hinriksdóttir, Sóley Stefánsdóttir, Hildur Pálmadóttir, Linda Pétursdóttir og Rósa Margrét Sigursteinsdóttir.

GKG konur voru með fasta tíma í Kórnum sl. vetur. Haldið var púttmót og var krýndur púttmeistari. Sigmundur Einar Músson kom og sýndi okkur góðar teygjuæfingar sem nýttust vel í sumar. Þá var Hlynur Þór Haraldsson, PGA golfkennari, með golfnámskeið fyrir konur í GKG.

Rauðvínskvöldið var haldið föstudaginn 17. maí 2012. Um 50 konur mættu og skemmtu sér fram eftir kvöldi, m.a. kom Hreimur og söng fyrir okkur.

Fastir golf tímar voru á þriðjudögum í Mýrinni. Ræsar GKG sáu um að ræsa út og þökkum við í nefndinni starfsfólki GKG fyrir veitta aðstoð við ræsingu, innritun og eftirlit með þriðjudagstímunum í sumar. Fyrsta mótið var svo 29. maí og mættu 75 konur til leiks og spiluðu 9 holur í Mýrinni.

Vinkvennamót GKG og GO kvenna var í júní og skiluðu 175 konur korti fyrri daginn og 141 seinni daginn. Úrslit urðu þau að GKG konur unnu mótið annað árið í röð.

Opið Sólstöðumót kvenna var haldið föstudagskvöldið 29. júní og mættu 66 konur til leiks og nutu kvöldsins. Vegleg verðlaun voru að vanda og var skipt í tvo flokka eftir forgjöf. Veitt voru verðlaun fyrir efstu sæti í hvorum flokki auk ýmissa annarra verðlauna.

Innanfélagsmót var haldið 24. júlí og mættu 85 konur og spiluðu 18 holu punktamót í Leirdalnum.

Miðvikudaginn 8. ágúst var farið í óvissuferð. Var farið á Hellishóla. Leikið var í roki og smá rigningu en 52 GKG konur mættu í ferðina. Konurnar skemmtu sér vel.

Hatta- og kjólamótið var svo 28. ágúst og voru spilaðar níu holur í Mýrinni. 47 GKG konur mættu og nutu félagsskaparins og golfsins. Leikið var með eina kylfu og púttar. Mikil og hörð keppni var um

flottasta hattinn og best klæddu konuna. Verðlaunin voru hönnuð og unnin af nokkrum nefndarkonum, sem og fleiri verðlaun í sumar.

Lokamót GKG kvenna var svo sunnudaginn 9. september 2012.

Leiknar voru 18 holur og leikfyrirkomulagið var punktakeppni. 30 konur mættu til leiks. Í mótslok borðuðu rúmlega 30 GKG konur saman góðan kvöldmat og nutu tónlistar Magna og Péturs. Þá voru veitt að venju verðlaun fyrir flesta punkta (reiknað út frá fimm 9 holu hringjum) í mótum á vegum kvennanefndarinnar sumarið 2012. Lokahófið er opið öllum konum í GKG hvort sem þær taka þátt í lokamótinu eða ekki.

Ljóst er að þátttaka GKG kvenna er mikil í félagsstarfinu og fögnum við því í nefndinni. Við þurfum að ná betur til nýliðanna og bjóða þær velkomnar í starfið.

Nokkur fyrirtæki hafa stutt við bakið á kvennanefndinni þetta sumar og þökkum við þeim öllum fyrir frábæran stuðning. Þá hefur klúbburinn og starfsfólk GKG verið okkur innan handar og þökkum við þeim kærlega fyrir aðstoðina.

Að lokum vill undirrituð þakka samnefndarkonum fyrir frábært sumar og vel unnin störf.

Bergþóra Sigmundsdóttir

Kynningarnefnd 2012

Meginverkefni kynningarnefndar er að ritstýra og sjá um þau mál er lúta að kynningu á starfsemi klúbbsins og miðla upplýsingum til félagsmanna og annarra. Sérstök áhersla hefur verið lögð á að koma fréttum af úrslitum móta og afrekum einstakra kylfinga á framfæri.

Póstlisti klúbbsins var nokkuð vel nýttur á árinu og leitast við að koma skilaboðum og fréttum til félagsmanna með þeim hætti.

Nú eru yfir 1.200 félagar skráðir á póstlista okkar og munum við starfa áfram að því að reyna að ná öllum félögum þar inn.

Í nefndinni sátu:

Sigurður Hlökkversson

Ólafur E. Ólafsson



5 KRÓNUR Á ÞINNI STÖÐ

Með GKG-dælulykli Atlantsolíu færðu 5 kr. afslátt á öllum sjálfsafgreiðslustöðvum félagsins.

Á afmælisdegi dælulykilshafa veitir dælulykill 10 kr. afslátt.

Sæktu um lykil eða uppfærðu afsláttarkjörin á www.gkg.is





iPad 4

Tvöfalt hraðari og ótrúlega skarpur.

iPad mini

Haltu á hinum stafræna heimi
í einu undrataeki sem smellpassar í lófann.



epli.is

Laugavegi 182

Opnunartímar
Virka daga 10-18 | Laugardaga 11 - 16
Sími 512 1300 | www.epli.is

Smáralind

Opnunartímar
Virka daga 11-19 | Fimmtudaga 11 - 21 | Laugardaga 11 - 18
Sunnudaga 13 - 18 | Sími 512 1300 | www.epli.is

Skýrsla íþróttasviðs GKG vegna 2012

Árið sem er að líða er eitt það allra besta í íþróttastarfi GKG. Áframhaldandi fjölgun var í þátttöku barna og unglinga, og árangurinn var afar glæsilegur. Í eftirfarandi upptalningu er sagt frá því helsta sem gerðist á árinu:

Þjálfarar: Á vetraræfingum störfuðu aðalþjálfarar okkar, þeir Derrick Moore og Hlynur Þór Haraldsson, en þeir eru báðir PGA menntaðir. Þeim til aðstoðar var Guðjón Henning Hilmarsson, en auk þeirra sá Sigmundur Einar Músson um líkamsrækt keppnis- og afrekshópa. Á sumaræfingum bættust við Haukur Már Ólafsson, Ingunn Gunnarsdóttir, Ragna Björk Ólafsdóttir og Tómas Sigurðsson. Á vikulegum golfleikjanámskeiðum GKG, sem opin eru öllum börnum 5–12 ára, störfuðu alls 16 afrekskyllingar úr röðum félagsins, en Guðbjartur Gunnarsson var verkstjóri á námskeiðunum. Alls komu því 25 aðilar að þjálfun og umsjón æfinga og námskeiða.

GKG statar af langfjölmennasta barna og unglingastarfi klúbba landsins og væri ekki mögulegt að halda úti jafn öflugum starfi án þess að hafa breiðan hóp samviskusamra og góðra leiðbeinenda. Starfið gekk að langmestu leyti mjög vel, en markmið okkar er ávallt að auka gæðin og leggja okkar af mörkum til að börnin njóti sín vel á golfvællinum í góðum félagsskap og að golfið sé íþrótt til lífstíðar. Barna- og unglingastarf: Fjöldi barna og unglinga í GKG heldur áfram að aukast og eru nú 355 félagsmenn 15 ára og yngri, og alls 419 félagsmenn 19 ára og yngri. Samkvæmt tölum frá GSÍ eru GKG börn og unglingar 15 ára og yngri alls 26% af heildarfjölda á landinu og 20% þegar 19 ára og yngri eru skoðaðir. Alls voru 274 skráðir á æfingar sl. sumar, en iðkendafjöldinn hefur nær tvöfaldast frá árinu 2008. Nokkrar ástæður teljum við liggja á bakvið þessari aukningu, s.s. mikil ásókn í vikulegu námskeiðin, en um 550 börn tóku þátt í þeim í sumar. Á námskeiðunum kynnast krakkarnir golfiþróttinni á jákvæðan hátt og vilja margir í kjölfarið halda áfram æfingum. Aðrar ástæður eru hæfir þjálfarar og leiðbeinendur, vel flestir með töluverða reynslu, sem og góð umgjörð og jákvætt andrúmsloft fyrir börnin. Einnig skal nefna öflugt foreldrastarf og jákvætt viðhorf félagsmanna til barna- og unglingastarfsins. Án stuðnings ofangreindra og stjórnar GKG væri ekki mögulegt að halda úti jafn öflugum starfi og raun ber vitni. Við höfum lagt áherslu á að fjölga stúlkum og er ánægjulegt að sjá að fjöldinn hefur u.þ.b. tvöfaldast á undanförunum árum. Við hvetjum félagsmenn til að bjóða dætrum, barnabörnum og frænkum með á völlinn eða í Kórinn í vetur og kynna íþróttina fyrir þeim. Keppnir barna og unglinga: Við leggjum áherslu á að krakkarnir geti nálgast þessa íþrótt á sínum forsendum. Sumir vilja mæta á æfingar og stunda þegar þeim hentar, meðan aðrir hafa brennandi áhuga og metnað til að ná langt. Við bjóðum uppá umgjörð sem sinnir hvoru tveggja. Við hvetjum krakkana til þátttöku í keppnum en gætum þess að þau fái verkefni við hæfi. Líkt og undanfarin ár vorum við með tvær mótaraðir, Svalamótaröðina og Unglingamótaröðina. Í fyrra tóku 76 börn þátt í Svalamótaröðinni, sem er ætluð þeim börnum, 12 ára og yngri, sem eru að stíga fyrstu skrefin í keppni. Leikið er í Mýrinni. Svalamótaröðin er mikilvægur vettvangur fyrir krakkana að taka fyrstu skrefin í léttari keppni þar sem þau læra að fara eftir helstu reglum, halda skor o.s.frv. Um 90 tóku þátt í Unglingamótaröðinni, sem leikin er á Leirdalsvelli, en um er að ræða fimm 18 holu mót yfir sumarið. Nánari upplýsingar um úrslit í innanfélagsmótunum er að finna í viðauka undir fyrirsögninni Úrslit 2012 í Svala- og Unglingamótaröð.

Þegar krakkarnir hafa tekið þátt í Unglingamótaröðinni nokkrum sinnum beinum við þeim í Áskorendamótaröð GSÍ, sem eru 18 holu mót, og loks Arionbankamótaröðina, sem er 36 holu mót leikin á tveimur dögum og er ætluð forgjafarlægstu börnum og unglingum. Afreksstarf: Árangur Ragnars Más Garðarssonar stendur upp úr á árinu, en hann sigraði á Duke of York Young Champions mótinu, þar sem einungis landsmeistarar víðsvegar að úr heiminum mæta. Það má því segja að þetta sé eitt sterkasta mót sem völ er á fyrir 18 ára og yngri. Auk þess varð Ragnar Már Íslandsmeistari í flokki 17–18 ára og sigurvegari á tveimur öðrum mótum í Arionbankamótaröðinni. Hann tryggði sér stigameistaratitilinn sem og viðurkenninguna efnilegasti pilturinn af afreksnefnd GSÍ.

Klúbbmeistarar GKG árið 2012 í meistaraflokkum voru þau Guðjón Henning Hilmarsson og Ragna Björk Ólafsdóttir. Var þetta fyrsti sigur beggja í Meistaramóti GKG.

A-sveit karla GKG tryggði sér sigur í sveitakeppni GSÍ í fjórða sinn frá árinu 2004. Með sigrinum tryggði sveitin sér þátttökurétt á EM klúbblíða sem haldið var á Kypur í október. Alfreð Brynjar Kristinsson, Guðjón Henning Hilmarsson og Kjartan Dór Kjartansson léku fyrir GKG og náðu einum besta árangri sem íslenskt lið hefur náð, en þeir enduðu í 6.–7. sæti af 25 þjóðum. Alfreð Brynjar lék mjög vel og hafnaði í 8. sæti í einstaklingskeppninni. Vel af sér vikið hjá strákunum!

Birgir Leifur Hafþórsson keppti á Áskorendamótaröð Evrópu (Challenge Tour) og náði þar oft ágætis árangri. Hans besti árangur var á Ecco Tour Championship, en þar endaði hann í fimmta sæti, aðeins tveimur höggum frá efsta sætinu. Birgir Leifur var með forystuna þegar þrjár holur voru eftir en 16. brautin reyndist honum dýrkeypt. Engu að síður sýnir þessi árangur að Birgir Leifur hefur getuna til að sigra í mótaröðinni og tryggja þátttökurétt sinn í mótaröðum þeirra bestu. Þegar þetta er ritað hefur Birgir Leifur komist í gegnum 1. stig úrtökumóta fyrir bæði evrópsku og bandarísku mótaraðirnar. Spennandi verður að fylgjast með gengi hans á næstu vikum.

Rétt er að geta þeirra GKG kylfinga sem sigruðu í stærstu mótaröðum GSÍ, en Aron Snær Júlíusson, Óðinn Þór Ríkharðsson og Gunnhildur Kristjánsdóttir (3 sigrar) hömpuðu gulli í Arionbankamótaröðinni og Birgir Leifur sigraði á fyrsta móti ársins í Eimskipsmótaröðinni. A-sveit drengja tryggði sér Íslandsmeistaratitilinn í sveitakeppni 16–18 ára.

Hjá öldungum var María Guðnadóttir fremst í flokki, en hún sigraði alls sjö sinnum á tímabilinu. Jónína Pálsdóttir, Bergljót Kristinsdóttir og Gunnar Árnason sigruðu einnig í sumar á mótum öldunga. Átta kylfingar kepptu fyrir hönd Íslands í verkefnum GSÍ erlendis: Guðjón Henning Hilmarsson á EM Challenge Trophy, sem haldið var hjá Golfklúbbum Keili; Aron Snær Júlíusson, Egill Ragnar Gunnarsson og Gunnhildur Kristjánsdóttir kepptu á European Young Masters í Ungverjalandi; Særós Eva Óskarsdóttir keppti á EM stúlkna í Þýskalandi; Ragnar Már Garðarsson keppti á Duke of York í Skotlandi og EM Challenge Trophy pílta í Búlgaríu og loks keppti Emil Þór Ragnarsson EM Challenge Trophy pílta í Búlgaríu. Óðinn Þór Ríkharðsson, var einnig meðal GKG kylfinga í landsliðshópi GSÍ. Fyrir öldungalandslíð keppti María Guðnadóttir á EM kvenna í Sviss. Þetta er mesti fjöldi GKG kylfinga sem keppt hefur fyrir Íslands hönd og getum við verið stolt af árangri þeirra og framkomu. Eitt af markmiðum afreksstarfsins er að skipuleggja æfingaferð á vorin til Spánar fyrir þau sem skipa keppnis- og afrekshópa GKG.

ÚRSLIT Í MEISTARAMÓTI GKG 2012

Meistaraflokkur karla	Hringur 1	Hringur 2	Hringur 3	Hringur 4	Alls
Guðjón Henning Hilmarsson	70	70	73	71	284
Sigmundur Einar Másson	75	71	74	72	292
Kjartan Dór Kjartansson	78	79	67	70	294
1. flokkur karla	Hringur 1	Hringur 2	Hringur 3	Hringur 4	Alls
Magnús Magnússon	77	81	80	78	316
Ingvar Hafsteinn S Hreinsson	78	80	79	80	317
Einar Örn Jónsson	75	82	81	81	319
2. flokkur karla	Hringur 1	Hringur 2	Hringur 3	Hringur 4	Alls
Pétur Örn Sigurbjörnsson	88	81	77	82	328
Björn Ragnar Björnsson	84	86	80	84	334
Anton Falkvard Antonsson	82	87	82	88	339
3. flokkur karla	Hringur 1	Hringur 2	Hringur 3	Hringur 4	Alls
Ragnar Geir Hilmarsson	94	85	87	93	359
Úlfar Andri Jónasson	88	89	95	89	361
Örn Jónsson	85	86	97	93	361
4. flokkur karla	Hringur 1	Hringur 2	Hringur 3	Hringur 4	Alls
Randver Ármannsson	95	96	99		290
Elvar Logi Rafnsson	102	97	98		297
Vignir Örn Arnarson	98	99	100		297
5. flokkur karla	Hringur 1	Hringur 2	Hringur 3	Hringur 4	Alls
Vernharð Sigurst Þorleifsson	91	96	101		288
Bjarki Þór Atlason	98	100	104		302
Brynjar Björnsson	107	107	94		308
Meistaraflokkur kvenna	Hringur 1	Hringur 2	Hringur 3	Hringur 4	Alls
Ragna Björk Ólafsdóttir	86	80	73	82	321
Ingunn Einarsdóttir	81	83	77	81	322
Ingunn Gunnarsdóttir	85	77	79	83	324
1. flokkur kvenna	Hringur 1	Hringur 2	Hringur 3	Hringur 4	Alls
Jónína Pálsdóttir	99	87	90	87	363
Bergljót Kristinsdóttir	88	91	90	96	365
Jóhanna Ríkey Sigurðardóttir	92	99	86	94	371
2. flokkur kvenna	Hringur 1	Hringur 2	Hringur 3	Hringur 4	Alls
Sigríður Olgeirsdóttir	101	93	96	103	393
Ragnheiður Stephensen	100	102	96	97	395
Kristín Anna Hassing	110	99	91	98	398
3. flokkur kvenna	Hringur 1	Hringur 2	Hringur 3	Hringur 4	Alls
Hanna Björg S. Kjartansdóttir	108	102	98		308
Ída Harðardóttir	113	116	105		334
Margrét Ingibergsdóttir	117	108	112		337
Drengir 15–16 ára	Hringur 1	Hringur 2	Hringur 3	Hringur 4	Alls
Egill Ragnar Gunnarsson	67	74	81		222
Aron Snær Júlíusson	76	75	74		225
Kristófer Orri Þórðarson	75	74	82		231
Strákar 13–14 ára	Hringur 1	Hringur 2	Hringur 3	Hringur 4	Alls
Hlynur Bergsson	83	79	76		238
Guðmundur Jóhannsson	77	81	84		242
Bragi Aðalsteinsson	78	89	76		243
Telpur 15–16 ára	Hringur 1	Hringur 2	Hringur 3	Hringur 4	Alls
Gunnhildur Kristjánsdóttir	78	86	76		240
Bergros Friða Jónasdóttir	99	88	97		284
Ásthildur Lilja Stefánsdóttir	93	98	100		291
Stelpur 13–14 ára	Hringur 1	Hringur 2	Hringur 3	Hringur 4	Alls
Elísabet Ágústsdóttir	94	92	101		287
Freydís Eiríksdóttir	97	97	95		289
Aníta Lórenzdóttir	120	143	134		397
Öldungar karla 0–20,9	Hringur 1	Hringur 2	Hringur 3	Hringur 4	Alls
Tómas Jónsson	84	86	86		256
Jón Erlendsson	92	82	87		261
Kjartan Guðjónsson	83	94	87		264
Öldungar karla 21–36	Hringur 1	Hringur 2	Hringur 3	Hringur 4	Alls
Kristján A Ólason	110	100	99		309
Atli Ágústsson	103	101	115		319
Taechol Óskar Kim	120	100	105		325
Öldungar konur 0–24,9	Hringur 1	Hringur 2	Hringur 3	Hringur 4	Alls
Kolbrún Stefánsdóttir	97	98	102		297
Sólveig Steinsson	107	102	108		317
Konný Hansen	106	105	108		319
Öldungar konur 25–40	Hringur 1	Hringur 2	Hringur 3	Hringur 4	Alls
Soffía Ákadóttir	117	114	116		347
Ragnheiður Lilja Georgsdóttir	123	130	125		378
Öldungar karla 70 ára +	Hringur 1	Hringur 2	Hringur 3	Hringur 4	Alls
Ingimar Jónsson	88	89	85		262
Sverrir Guðmundsson	88	90	92		270
Hákon Sigurðsson	91	97	91		279
Öldungar konur 65 ára +	Hringur 1	Hringur 2	Hringur 3	Hringur 4	Alls
Ágústa Guðmundsdóttir	111	108	107		326
Siggerður Þorvaldsdóttir	125	115	117		357
Fríður Guðmundsdóttir	128	121	120		369



Þessar ferðir hafa ávallt verið vel heppnaðar og eru krökkunum mikil hvatning á vetraræfingunum. Krakkarnir safna sjálf fyrir ferðakostnaði en þjálfarar GKG sjá um æfingaskipulag þá sjö daga sem ferðin stendur yfir. Annað markmið er að lengja keppnistímabilið hjá okkar fremstu unglingum og veita þeim tækifæri til að öðlast meiri reynslu í keppni erlendis. Um miðjan september var því haldið til Danmerkur og tekið þátt í keppni á vegum danska golfsambandsins. Alls fóru sjö unglingar frá GKG og stóðu þau sig mjög vel, en Gunnhildur stóð uppi sem sigurvegari í stúlknaflöknum.

Nánari upplýsingar um árangur GKG á árinu er að finna í viðauka neðst í þessari skýrslu undir fyrirsögninni: Yfirlit um árangur GKG 2012 í mótaröðum GSÍ og LEK.

Æfingaaðstaða: Helstu æfingasvæði okkar eru grassvæðin meðfram Vífilsstaðavegi og handan Vetrarbrautar. Litli völlurinn meðfram Vífilsstaðavegi nýttist mjög vel fyrir golfleikjanámskeiðin, en einnig eru félagsmenn duglegir að æfa stuttu högginn þar. Því miður hefur umgengni á grasæfingasvæðinum verið heldur slæm, þar sem fólk slær full högg og tekur torfur, jafnvel nálægt holunum. Það skiptir gríðarlega miklu máli að ganga vel um æfingasvæðin og að fólk fari eftir reglum um umgengni, s.s. að fólk noti sína eigin æfingabolta, ekki leiguboltana, en slíkt er einungis leyfilegt í fylgd þjálfara. Halda verður áfram að þróa og bæta þessi svæði, en slíkt er hægt að gera án mikils tilkostnaðar.

Auk grassvæðanna eru pallaæfingasvæðið og puttflatirnar við skálann okkar helstu staðir til æfinga. Í könnun sem var gerð meðal annara golfklúbba á höfuðborgarsvæðinu kom í ljós að GKG var í neðsta sætinu hvað varðar stærð æfingaflata. Slíkt er óásættanlegt fyrir næststærsta félagið. Nú í haust var ráðist í fyrsta áfanga í að leysa þetta vandamál, en 8. brautin í Mýrinni verður stýtt um u.þ.b. 50 metra og byggð upp ný flöt sem verður tekin í notkun næsta sumar. Með þessu fáum við gömlu 8. flötina undir æfingar fyrir putt og lág vipp. Þetta er afar kærkomin lausn og mun nýtast öllum félagsmönnum, þar sem álagið á æfingaflatir við skálann ætti að

minnka. Einnig er óhætt að segja að leikurinn verði ánægjulegri fyrir langflesta félagsmenn þegar breytingin á 8. brautinni er komin í gagnid.

Kórinn hefur nýst okkur gríðarlega vel fyrir vetraræfingarnar og höfum við lagt metnað í að bæta aðstöðuna þar. Aðstaðan nýttist einnig hinum almenna kylfingi í GKG. Fengum við viðbóttarrými sem hefur verið innréttað fyrir minni hópa, en auk þess bættist við lítil puttflöt.

Nýliðar: Nýliðanámskeið voru haldin fyrir nýja félaga sem teljast byrjendur, þ.e. hafa enga forgjöf og hafa ekki sótt nýliðanámskeið annars staðar. Markmið nýliðanámskeiðanna er að taka vel á móti nýjum félögum, kynna fyrir þeim helstu starfssemi klúbbsins og veita þeim grunnkennslu hvað varðar tækni og leikinn sjálfan. Alls fóru um 50 nýliðar í gegnum fræðslunámskeiðið sem er byggt upp á eftirfarandi hátt: Kynning á starfssemi og starfsfólki félagsins. Verklegr þjálfun í stutta spili og sveiflu. Spilkennsla þar sem nemendur fylgjast með kennurum leika 2–3 brautir. Farið er yfir helstu golf- og siðareglur meðan á spilkennslu stendur. Nemendur fengu einnig fræðslu um hvernig á að fylla út og nota skorkortið, fá forgjöf og hvernig á að skrá sig á rástíma á golf.is o.fl. Að auki var bóklegt nám í golfreglum. Alls var nýliðafræðslan 6 klst. og fengu þátttakendur möppu með ýmsum handhægum upplýsingum og kennslufni. Kennarar á námskeiðinu voru undirritaður, Derrick og Hlynur, auk Kjartans Bjarnasonar, yfirdómara GKG, en hann sá um bóklega tímann í golfreglum.

Að lokum: Vetraræfingar hefjast á ný í nóvember með barna-, unglinga- og afrekshópum sem stunda æfingar í Kórnum. Veturinn er mikilvægur fyrir iðkendur, en á þeim tíma gefst mesta tækifærið til að bæta golfþæknina og líkamlega formið. Viljum við hvetja GKG félaga til að vera duglegir að æfa golfsveifluna og stutta spilið í vetur og nýta til þess aðstöðuna sem er í boði í Kórnum.

Við þökkum starfsmönnum og nefndarmönnum fyrir mjög

ánægjulegt samstarf á árinu. Einnig þökkum við klúbbsmeðlimum og foreldrum yngri iðkenda fyrir ánægjuleg kynni og samstarf á árinu.

Áfram GKG!
F.h. íþróttasviðs,
Úlfar Jónsson íþróttastjóri
Gunnar Páll Þórisson, formaður íþróttanefndar

Yfirlit árangurs GKG kylfinga í mótariðum GSÍ 2012

Meistaraflokkar

Klúbbsmeistari kvenna: Ragna Björk Ólafsdóttir
Klúbbsmeistari karla: Guðjón Henning Hilmarsson

Sæti Eimskipismótariðin

- | | |
|---|--|
| 1 | Birgir Leifur Hafþórsson, mót 1 í GS |
| 3 | Birgir Leifur Hafþórsson, Íslandsm. í holukeppni í GKG |
| 5 | Challenge Tour – ECCO Tour Championship |
| 3 | Ingunn Gunnarsdóttir, Íslandsmótið í holukeppni í GKG |
| 3 | Ingunn Einarsdóttir, mót 5 í GKB |

1 Sveitakeppni GSÍ 1. deild karla (Íslandsmeistaratitill)
Alfreð Kristinsson, Ari Magnússon, Birgir Leifur Hafþórsson, Guðjón Henning Hilmarsson, Kjartan Dór Kjartansson, Ottó Sigurðsson, Ragnar Már Garðarsson, Sigmundur Einar Músson

3 Sveitakeppni GSÍ 1. deild kvenna
Gunnhildur Kristjánsdóttir, Ingunn Gunnarsdóttir, Ingunn Einarsdóttir, Hansína Þorkelsdóttir, Hulda Birna Baldursdóttir, María Guðnadóttir, Ragna Björk Ólafsdóttir, Særós Eva Óskarsdóttir

Þátttaka í KPMG bikarum: Alfreð Kristinsson, Kjartan Dór Kjartansson, Ragnar Már Garðarsson, Sigmundur Einar Músson, Aron Snær Júlíusson, Ingunn Einarsdóttir

Landsliðsþátttaka: Guðjón Henning Hilmarsson – EM Challenge Trophy í Keili

6 EM klúbblíða á Kýpur
Alfreð Kristinsson, Guðjón Henning Hilmarsson, Kjartan Dór Kjartansson
Þátttökuréttur vinnst með sigri í sveitakeppni GSÍ. Alls tóku 25 þjóðir þátt.

Unglingar

Arionbankamótaröð GSÍ

- | | |
|------|--|
| Sæti | Flokkur 17–18 ára piltar |
| 3 | Ragnar Már Garðarsson, mót 1 í GL |
| 1 | Ragnar Már Garðarsson, mót 2 í GPÓ |
| 3 | Ragnar Már Garðarsson, mót 3 í GR-Korpa |
| 1 | Ragnar Már Garðarsson, mót 4 Íslandsmót í högggleik |
| 2 | Ragnar Már Garðarsson, mót 5 Íslandsmót í holukeppni |
| 1 | Ragnar Már Garðarsson, mót 6 í GO |
| | Valinn efnilegasti kylfingurinn af afreksnefnd GSÍ |
| 2 | Emil Þór Ragnarsson, mót 3 í GR-Korpa |
| 3 | Emil Þór Ragnarsson, mót 4 Íslandsmót í högggleik |
| 2 | Emil Þór Ragnarsson, mót 6 í GO |
| 3 | Daníel Hilmarsson, mót 3 í GR-Korpa |

Sæti Flokkur 15–16 ára piltar

- | | |
|---|---|
| 1 | Aron Snær Júlíusson, mót 2 í GPÓ |
| 2 | Aron Snær Júlíusson, mót 5 Íslandsmót í holukeppni |
| 2 | Aron Snær Júlíusson, mót 6 í GO |
| 3 | Aron Snær Júlíusson, mót 4 Íslandsmót í högggleik |
| 1 | Unglingaeinvígið í Mosó |
| 2 | Óðinn Þór Ríkharðsson, mót 2 í GPÓ |
| 3 | Óðinn Þór Ríkharðsson, mót 3 í GR-Korpa |
| 3 | Óðinn Þór Ríkharðsson, mót 5 Íslandsmót í holukeppni |
| 1 | Óðinn Þór Ríkharðsson, mót 6 í GO |
| 2 | Egill Ragnar Gunnarsson, mót 1 í GL |
| 3 | Egill Ragnar Gunnarsson, mót 4 Íslandsmót í högggleik |
| 3 | Egill Ragnar Gunnarsson, mót 6 í GO |
| 3 | Kristófer Orri Þórðarson, mót 1 í GL |

Sæti Flokkur 17–18 ára stúlkna

- | | |
|---|-------------------------------------|
| 2 | Særós Eva Óskarsdóttir, mót 2 í GPÓ |
| 3 | Særós Eva Óskarsdóttir, mót 6 í GO |

Sæti Flokkur 15–16 ára stúlkna

- | | |
|---|--|
| 1 | Gunnhildur Kristjánsdóttir, mót 1 í GL |
| 1 | Gunnhildur Kristjánsdóttir, mót 2 í GPÓ |
| 3 | Gunnhildur Kristjánsdóttir, mót 4 Íslandsmót í högggleik |
| 1 | Gunnhildur Kristjánsdóttir, mót 5 Íslandsm. í holukeppni |
| 3 | Gunnhildur Kristjánsdóttir, mót 6 í GO |
| 1 | Gunnhildur Kristjánsdóttir, Lalandia Open í Billund, DK |

Sveitakeppni unglina

1. sæti Sveitakeppni GSÍ 16–18 ára piltar (Íslandsmeistaratitill)
3. sæti Sveitakeppni GSÍ 16–18 ára stúlkna

Landsliðsþátttaka

Aron Snær Júlíusson – European Young Masters í Ungverjalandi
Egill Ragnar Gunnarsson – European Young Masters í Ungverjalandi
Gunnhildur Kristjánsdóttir – European Young Masters í Ungverjalandi
Særós Eva Óskarsdóttir – EM stúlkna í Þýskalandi
Ragnar Már Garðarsson – Duke of York í Skotlandi og EM Challenge Trophy piltar í Búlgaríu
Emil Þór Ragnarsson – EM Challenge Trophy piltar í Búlgaríu

Stigalisti Arionbankamótaröðar

- | | |
|---|--|
| 1 | Ragnar Már Garðarsson 17–18 ára piltar |
| 2 | Emil Þór Ragnarsson 17–18 ára piltar |
| 2 | Aron Snær Júlíusson 15–16 ára piltar |
| 3 | Óðinn Þór Ríkharðsson 15–16 ára piltar |
| 2 | Gunnhildur Kristjánsdóttir 15–16 ára stúlkur |
| 3 | Særós Eva Óskarsdóttir 17–18 ára stúlkur |

Áskorendamótaröð unglina

Sæti Flokkur 14 ára og yngri drengja

- | | | |
|---|----------------------|-------|
| 2 | Hlynur Bergsson | Mót 1 |
| 3 | Hlynur Bergsson | Mót 3 |
| 1 | Jóel Gauti Bjarkason | Mót 5 |
| 3 | Magnús Fr. Helgason | Mót 5 |

Sæti Flokkur 14 ára og yngri stúlkna



- 1 Elísabet Ágústsdóttir Mót 1
- 2 Elísabet Ágústsdóttir Mót 2
- 1 Elísabet Ágústsdóttir Mót 5
- 3 Freydís Eiríksdóttir Mót 1
- 1 Freydís Eiríksdóttir Mót 4
- 2 Freydís Eiríksdóttir Mót 5

Sæti Flokkur 15–16 ára drengja

- 2 Sverrir Ólafur Torfason Mót 2
- 2 Sverrir Ólafur Torfason Mót 4

Sæti Flokkur 15–16 ára stúlkna

- 2 Ásthildur Lilja Stefánsdóttir Mót 1
- 1 Þórhildur Kristín Ásgeirsdóttir Mót 3
- 2 Þórhildur Kristín Ásgeirsdóttir Mót 4

Sæti Flokkur 17–18 ára pílta

- 1 Jökull Schiöth Mót 1
- 1 Jökull Schiöth Mót 2

Stigalisti Áskorendamótaraðar

- 1 Jökull Schiöth, píltaflokkur 17–18 ára
- 3 Þórhildur K. Ásgeirsdóttir, telpnaflokkur 15–16 ára
- 1 Freydís Eiríksdóttir, stelpuflokkur 14 ára og yngri
- 3 Elísabet Ágústsdóttir, stelpuflokkur 14 ára og yngri

Öldungar

- 1 María Málfríður Guðnadóttir LEK Konur 50+ GK
- 2 María Málfríður Guðnadóttir LEK Konur 50+ GS
- 1 María Málfríður Guðnadóttir LEK Konur 50+ GF
- 1 María Málfríður Guðnadóttir LEK Konur 50+GR
- 1 María Málfríður Guðnadóttir LEK Konur 50+ GA
- 1 María Málfríður Guðnadóttir LEK Konur 50+ GA
- 1 María Málfríður Guðnadóttir Íslandsmót eldri

kylfinga – konur 50+ GS

- 1 María Málfríður Guðnadóttir LEK Konur 50+ GS
- 2.–3. Jónína Pálsdóttir LEK Konur 50+ GKG
- 2.–3. Jónína Pálsdóttir LEK Konur 50+ GB
- 1 Jónína Pálsdóttir Íslandsmót 35 ára og eldri 2. fl. Kvenna GV
- 1 Bergljót Kristinsdóttir LEK Konur 50+ GS
- 3 Ragnheiður Stephensen Íslandsmót 35 ára og eldri 3. fl. Kvenna GV
- 2 Sandra Björg Axelsdóttir Íslandsmót 35 ára og eldri 4. fl. Kvenna GV
- 2 Björn Steinar Stefánsson Íslandsmót 35 ára og eldri 2. fl. Karla GV
- 1 Gunnar Árnason LEK – Karlar 55+ GA

Sveitakeppni öldunga

- 2 Öldungar GKG karla
Andrés I. Guðmundsson, Gunnar Árnason, Tómas Jónsson, Hlöðver Sigurgeir Guðnason, Ragnar Geir Hilmarsson, Kjartan Guðjónsson
- 2 Öldungasveit GKG kvenna
María Málfríður Guðnadóttir, Bergljót Kristinsdóttir, Jónína Pálsdóttir, Jóhanna Ríkey Sigurðardóttir, Ólöf Ásgeirsdóttir, Sigríður Olgeirsdóttir. Liðsstjóri: Áslaug Sigurðardóttir

Þátttaka í KPMG bikarnum (eldri kylfinga)

Gunnar Árnason, Hlöðver Sigurgeir Guðnason

Landsliðsþátttaka

María Málfríður Guðnadóttir, EM kvenna, Senior Ladies (EGA)
Lugano, Sviss



Kópavogur tryggir gagnsæja stjórnsýslu

Kópavogsbær hefur fyrst íslenskra sveitarfélaga hlotið alþjóðlega vottun (ISO 9001) fyrir gæðakerfi stjórnsýslusviðs. Með því er staðfest að starfsmenn sinna stjórnsýslu samkvæmt gæðakerfi bæjarins. Gæðakerfinu er m.a. ætlað að tryggja gagnsæi í vinnuferlum, eftirlit með kostnaði, auka jafnræði og bæta þjónustu. Þannig viljum við tryggja traust íbúa bæjarins, sem og annarra, á stjórnsýslunni.

Gæðahandbókina má finna á vef bæjarins,
www.kopavogur.is.



www.kopavogur.is



Mótanefnd 2012

Margir hafa lagt hönd á plóginn til þess að sem best tækist til með mótahald í sumar. Mótanefndin var vel mönnuð og er það nauðsynlegt til að dreifa álaginu sem best milli fólks. Það voru 23 virkir þátttakendur í nefndinni og voru þeir eftirfarandi: Bergsveinn Þórarinnsson (Landsdómari:LD), Björn Steinar Stefánsson, Björn Þ. Svavarsson (Héraðsdómari:HD), Einar Gunnar Guðmundsson, Guðjón Kolbeinsson, Gunnar Árnason, Hafþór Jónsson, Haukur Hermannsson, Heimir Jón Guðjónsson (HD), Hjalti Rúnar Sigurðsson (HD), Jón K. Baldursson (HD), Jónína Pálsdóttir, Kjartan Bjarnason (Alþjóðadómari:AD), Kolbrún Stefánsdóttir, Kristján Björgvinsson, Ólafur Arnar Kristjánsson, Ólöf Ásgeirsdóttir, Pétur Örn Guðmundsson, Rósa Margrét Sigursteinsdóttir (HD), Sigurjón Sigurjónsson, Sverrir Helgi Jónsson, Sæmundur Melstað (AD) og Þorgrímur Björnsson (LD). Auk þess naut nefndin stuðnings allnokkurra ónefndra félagsmanna á stærstu mótunum sem ber að þakka.

Klúbburinn eignaðist nýjan alþjóðadómara í vor þegar Sæmundur Melstað öðlaðist alþjóðadómara réttindi og nýjan landsdómara þegar Þorgrímur Björnsson öðlaðist landsdómara réttindi. Þetta er mikill fengur og hefur klúbburinn nú tvo alþjóðadómara og tvo landsdómara á sínum snærum auk nokkurra héraðsdómara. Mótanefnd kom að skipulagningu og vinnu á yfir 25 mótadögum en það eru heldur færri dagar en árið á undan. Þar voru nokkur stór og

umfangsmikil mót sem náðu yfir fleiri en einn dag: Íslandsmótið í holukeppni sem varði í 3 daga, Meistaramótið sem varði í 7 daga, Opna Bylgjumótið sem varði í tvo daga og KPMG bikarinn sem varði í tvo daga. Óhætt er að segja að GKG hafi áunnið sér vinsældir meðal mótshaldara og leikmanna með góðri umgjörð utan um mótin og frábæran völl.

Meistaramótið var haldið mjög snemma í ár, 1.–7. júlí og skráðu sig 379 manns til leiks en það er fækkun um 19 milli ára eða tæplega 5% en árið 2011 var metþátttaka. Þessi fjöldi er kominn nærri þolmörkum en gripið var til ýmissa ráðstafana til að greiða fyrir að spiltími færi ekki fram úr hófi þar á meðal að fækka í hollum niður í þrjá, fjölga kvennaflokkum, breyta flokkamörkum bæði í kvenna og karlaflokkum og færa 13–14 ára flokkinn á Mýrina. Þetta virkaði og það náðist að jafna þátttakendafjölda betur á dagana og flýta leik þannig að spiltími var mjög ásættanlegur.

Nokkur mót voru haldin sem mótanefndin þurfti lítið að koma að og má þar m.a. nefna mót á vegum hinnar öflugra kvennanefndar klúbbsins og svo holukeppnina sem var haldin á vegum trjáræktarnefndar. Innanfélagsmót voru með færra mótí í sumar vegna sérstakra aðstæðna í sumar.

Mótanefndin vill þakka fyrir mjög gott samstarf við starfsmenn GKG, starfsfólk veitingasölnunnar og öllum þeim sem komu að mótum GKG í sumar með einhverjum hætti. Valgeiri Tómassyni og Gesti Gunnarssyni eru færðar sérstakar þakkir fyrir sérlega gott samstarf á erfiðum tímum.

Mótaskrá GKG 2012

- 19.05.12 Atlantsolía Opið mót
- 29.05.12 9 holu kvennamót
- 02.06.12 Fótbolti.net Open
- 10.06.12 Holukeppni GKG 2012
- 12.06.12 Unglingamótaröð GKG (1)
- 19.06.12 Vinkvennamót GKG og GO
- 22.06.12 Eimskipsmótaröðin (3) Íslandsmót í holukeppni
- 26.06.12 Unglingamótaröð GKG (2)
- 28.06.12 Afreksmótaröð GKG
- 29.06.12 Opið Sólstöðumót kvenna
- 30.06.12 Niðjamót GKG
- 01.07.12 Meistaramót GKG 2012
- 01.07.12 Meistaramót GKG 2012 12 ára og yngri
- 01.07.12 Meistaramót GKG 2012 13–14 ára
- 11.07.12 Unglingamótaröð GKG (3)
- 14.07.12 STELLA ARTOIS Opna Golfmótið
- 21.07.12 BYLGJAN OPEN
- 24.07.12 18 holu kvennamót
- 01.08.12 Unglingamótaröð GKG (4)
- 06.08.12 Carlsberg Open
- 08.08.12 Unglingamótaröð GKG (5)
- 17.08.12 Samfylkingarmótið
- 21.08.12 PGA ProAm – Lokað Mót
- 21.08.12 PGA Pro/Am
- 22.08.12 Starfsmannamót Símans
- 24.08.12 AO – Boðsmót
- 24.08.12 NHE
- 25.08.12 Minningarmót – Styrktarmót
íþrótt- og afrekssviðs GKG
- 28.08.12 Hatta- og kjólamót GKG kvenna
- 30.08.12 Deloitte – Boðsmót
- 31.08.12 Opna Stjörnumótið
- 02.09.12 MP banka – LEK viðmiðunarmót
- 07.09.12 KPMG bikarinn
- 09.09.12 Lokamót GKG kvenna
- 16.09.12 Golfmót afrekskylfinga GKG
- 21.09.12 Opna HK mótið
- 06.10.12 Bændaglíma GKG 2012

Öllu mótanefndarfólki eru færðar þakkir fyrir
fórnfúst og óeigingjarnt starf og gott samstarf á árinu.

Jón K. Baldursson, formaður mótanefndar



Alvin húfa - 3.990 kr.

Jeff Polobolur - 8.990 kr.

Donald Buxur - 13.500 kr.

LOBSTER
Golffatnaður

Golfbúðin
DALSHRAUNI 13 | HAFNARFIRÐI





Vallarnefnd 2011–2012

Skipan vallarnefndar:

Símon Kristjánsson formaður

Andrés I. Guðmundsson

Eðvald Geirsson

Guðmundur Á. Gunnarsson

Jóhanna Ríkey Sigurðardóttir

Ottó Sigurðsson

Skipan trjáræktarnefndar:

Eðvald Geirsson

Gísli Guðbjartsson

Guðmundur Ólafsson

Gunnlaugur Sigurðsson

Ingólfur Hansen

Ólafur Nilsson

Fundir á starfsárinu

Vallarnefnd hélt 10 bókaða fundi á starfsárinu. Hlutverk nefndarinnar er að skipuleggja framkvæmdir og umhirðu vallarins í samstarfi við vallarstjóra, sem er einn nefndarmanna. Aðalmarkmið 2012 var að halda áfram við snyrtingu vellinum og lagfæringar í Leirdalnum. Einnig var sérstaklega farið yfir hvernig völlumurinn er að spilast af hvítum teigum og gerðar lagfæringar miðað við niðurstöðu úr þeirri vinnu.

Golfaðstaða GKG er orðin ein sú glæsilegasta á landinu. 18 holu Leirdalsvöllur og 9 holu völlum í Vetrarmýri. Á árinu 2013 verður haldið áfram að snyrta svæðið og betrubæta á ýmsan veg og gera sem glæsilegast fyrir Íslandsmótið sem verður á vellinum 2014.

Trjáræktarnefnd er undirnefnd vallarnefndar og hefur nefndin unnið

frábært starf undanfarin ár með endurreisn á holukeppni GKG og skipulagningu á vinnudögum við gróðursetningu og snyrtingu.

Annars vísa ég í ársskýrslu vallarstjóra sem er hér fyrir neðan og ársskýrslu trjáræktarnefndar.

Ég vil þakka öllu starfsfólki vallarins fyrir gott starf á liðnu starfsári og sérstaklega Guðmundi Á. Gunnarssyni vallarstjóra sem stýrir starfinu af miklum áhuga. Loks þakka ég meðnefndarmönnum mínum fyrir gott og ánægjulegt samstarf á þessu starfsári.

Símon Kristjánsson, formaður vallarnefndar

Ársskýrsla vallarstjóra 2012

Golfvelli GKG komu nokkuð vel undan vetri vorið 2012 og í fyrsta skipti í sögu GKG var leikur hafinn á öllum brautum vallanna á sama tíma, þann 28. apríl, sem er 15 dögum fyrr en leikur hófst árið 2011. Völlumur var síðan lokað aftur þann 17. október sem er viku fyrr en árið áður. Sumarið var mjög gott þetta árið og gróska í öllum gróðri. Blíðskaparveður ríkjandi á löngum köflum sem kemur meðal annars fram í því að leiknir voru vel yfir 62.000 hringir á golfvöllum þetta árið.

Eitt af stóru verkefnum nú sem undanfarin ár hefur verið að ná meiri grósku í nýrri brautirnar á Leirdalsvelli (4.–12. braut) sem margar voru byggðar úr heldur snauðum jarðvegi. Notast hefur verið við lífrænan áburð á allt vallarsvæðið þar nema flatirnar og árangurinn hefur verið greinilegur. Ég tel að við séum á réttri leið þar, en það tekur tíma og þolinmæði að ná þeim gæðum sem við viljum fá á þeim svæðum. Einnig höfum við verið að lagfæra og breyta slætti á brautum og karga með það markmið að samræmi verði milli brauta hversu langt er frá teig inn á braut og að ramma brautirnar betur inn

með kargaslættinum og gera þær skemmtilegri fyrir augað og golfleik á þeim meira krefjandi.

Vinnudagur var haldinn að morgni opnunardagsins 28. apríl og var unnið frá klukkan 9 til 12. Engin stór verkefni lágu fyrir (svo sem tyrffingar), þannig að dagurinn var að mestu notaður í að hreinsa allt rusl og drasl af vellinum og einnig var snyrt kringum golfskálann. Til vinnu mættu milli 40 og 50 sjálfboðaliðar. Vinnudagurinn lukkaðist í alla staði vel og vill vallerstjóri þakka þeim sem lögðu hönd á plóg kærlega fyrir þátttökuna og þeirra framlag við að gera völlinn snyrtilegri og fallellegri.

Framkvæmdir:

Eins og undanfarin ár hefur verið þónokkuð um framkvæmdir á golfvöllum GKG. Hér er listi yfir stærstu verkefni ársins:

- Nýr hvítur teigur byggður á 12. braut Leirdalsvallar
- Nýr gulur teigur byggður á 12. braut Leirdalsvallar
- Endurgerður gulur teigur á 18. braut Leirdalsvallar
- Tré tekin upp úr byggingarlóðum við vallarsvæðið og gróðursett við 8. braut Leirdalsvallar
- 110 furur voru gróðursettar við 4. til 12. braut á Leirdalsvelli
- Tvær glompur voru gerðar á 14. braut Leirdalsvallar
- Mikið af trjáum flutt úr staði tilvonandi göngustígs við 9. teig og sett niður við 12. teig Leirdalsvallar
- 1.135 metrar af stígum malbikaðir í Garðabæjarhluta Víflsstaðavallar
- 585 metrar af stígum malbikaðir í Kópavogshluta Víflsstaðavallar
- Malbikað bílaplan við æfingasvæði
- Tyrft var meðfram þeim stígum sem malbikaðir voru
- Byrjað á nýrri flöt á 8. braut á Mýrinni
- Byrjað á nýjum teig á 9. braut á Mýrinni

Af ofantöldu má sjá að ýmislegt hefur verið gert á þessu ári og lítið lát verður á framkvæmdum á því næsta. Eins og sjá má í listanum er hafin vinna við að breyta 8. og 9. brautum á Mýrinni. Þetta er gert til að rýma til fyrir bættari æfingaaðstöðu fyrir styttri golfhöggin, vipp og pútt. Sú aðstaða er það sem GKG hefur helst vantað til að standa jafnfætis öðrum klúbbum á svæðinu. Veturinn verður notaður til að skipuleggja og hanna hvernig best er að nýta það svæði sem vinnst með þessum breytingum og stendur til að á vormánuðum verði hægt að kynna afrakstur þeirrar vinnu fyrir félögum í GKG. Vonir standa einnig til að klárað verði að malbika stíga vallanna fyrir næsta vor, en um 1.900 metrar eru eftir af því verkefni. Kópavogur og Garðabær

hafa styrkt GKG til malbikunar á stígum og ber að þakka þeim kærlega fyrir þeirra framlag.

Starfsmannahald:

Þrír heilsársstarfsmenn eru við vinnu við golfvelli GKG. Það eru þeir Guðmundur Árni Gunnarsson vallerstjóri, Einar Gestur Jónasson aðstoðarvallerstjóri og Hafsteinn Eyvindsson sem sér um allt vélaviðhald og rekstur verkstæðis GKG. Hann sér einnig um viðhald á vélum og tækjum ÍTK.

Í sumar störfuðu að auki um 30 manns á Víflsstaðavelli. Megnið af þeim starfsmönnum kemur frá bæjarfélögunum og ber að þakka þeim stuðninginn við GKG.

Vallerstjóri vill þakka öllum þeim starfsmönnum sem störfuðu við umhirðu og framkvæmdir á Víflsstaðavelli í sumar fyrir góð störf.

Lokaorð:

Golfsumarið 2012 var mjög gott veðurarslega fyrir kylfinga og golfvöllina. Langir rigningarlausir kaflar í sumar, sem og flest sumur undanfarin ár, fara hins vegar misvel með vellina. Sem betur fer erum við með vökvunarkerfi í öllum flötum og teigum þannig að þurrkarnir hafa ekki eins mikil áhrif á þau svæði eins og var fyrr á árum. Hugsanlega er það hins vegar framtíðin að setja þurfi niður vökvunarkerfi í brautirnar líka og þá sérstaklega í Kópavogshluta vallerins sem þornar meira en aðrir hlutar hans.

Það hefur töluvert borið á því að kylfingar geri ekki við boltaför og kylfuför eftir sig, sem er slæmur ávani og enn verra fyrir völlinn og gæði vallerins. Flatargaffall á að vera staðalbúnaður hvers kylfings og hann á að vera í vasanum en ekki í pokanum. Og örflitill tími til að ganga vel og vandlega frá torfusnepli í kylfufari skilar sér fljótt aftur í betri brautum og ánægjulegri golfleik.

Þegar lítið er yfir árið 2012 vil ég minnst Ólafs E. Ólafssonar, fyrrverandi framkvæmdastjóra GKG, sem féll skyndilega frá í sumar. Hann vann ótrúlegt starf og mikið fyrir klúbbinn sinn í gegnum árin og var með puttann á öllu því sem í gangi var hverju sinni. Ólafi var mjög umhugað um starfsfólkið og hélt uppi mjög góðum starfsanda hjá GKG.

Að lokum vill ég þakka vallernefnd, trjáæktarnefnd og stjórn GKG fyrir frábært samstarf á árinu. Einnig vil ég bjóða nýjan framkvæmdastjóra velkominn, Agnar Mát Jónsson. Það eru spennandi tímar framundan sem gaman verður að takast á við með Agnari.

Guðmundur Árni Gunnarsson,
vallerstjóri GKG

896 0700

896 0567

www.gunnarsholmi.is

Gras er okkar fag






FORELDRAR ATHUGIÐ

Hvatapeningar 2012:

- Veljið rétt félag og flokk í íþrótt- og tómstundabankanum á Mínun Garðabæ.
- Þeir sem æfa hjá Stjórnunni geta sent rafræna kvittun úr Nóra, skráningarkerfi Stjórnunnar, á gardabaer@gardbaer.is.
- Þeir sem stunda æskulýðsstarf hjá öðrum félögum í Garðabæ geta greitt beint inn á greiðsluseðilinn í Mínun Garðabæ.
- Þeir sem æfa utan Garðabæjar geta framvísað greiðslukvittun á bæjarskrifstofunum og fengið hvatapeningana endurgreidda.
- Öll börn í Garðabæ á aldrinum 5–18 ára fá 25 þúsund krónur í hvatapening til íþrótt- og æskulýðsstarfs á árinu 2012.

Upplýsingar um hvatapeninga veitir þjónustuver Garðabæjar í síma 525 8500



GARÐABÆR



Störf trjáræktarnefndar starfsárið 2012

Trjáræktarnefnd GKG, sem tók til starfa að nýju á seinasta ári eftir nokkurra ára hlé, hélt áfram öflugum starfi á árinu. Í nefndinni voru: Eðvald Geirsson, Gísli Guðbjartsson, Guðmundur Ólafsson, Gunnlaugur Sigurðsson, Ingólfur Hansen og Ólafur Nilsson. Nefndin hélt 6 bókaða fundi á starfsárinu. Boðað var til sex sjálf-

boðavinnudaga í apríl-maí og tveggja í október-nóvember og var yfirleitt unnið í 3-4 klukkustundir. Að jafnaði komu um 5-10 manns til starfa hvern vinnudag og unnu að ýmsum verkefnum.

Helstu verkefni voru: Gróðursetning nýrra trjáa og græðlinga, fjarlægja dauð eða skemmd tré, klippa og lagfæra tré. Áætlað er að um 2-3000 plöntur og græðlingar hafi verið gróðursett á árinu.

Unnið er að tillögum til vallarnefndar um frekari gróðursetningu á vallarsvæðinu á komandi árum og verður lögð áhersla á að gróðursetja fleiri tegundir trjáa og runna og velja góð og falleg kvæmi. Trjáræktarnefnd hefur unnið að því að setja tillögur sínar á stafrænt form. Nefndin mun endurskoða þær á næstu mánuðum og senda vallarnefnd í byrjun næsta árs. Í tillögunum, sem til stendur að endurskoða árlega, er gerð grein fyrir gróðursetningu næstu þriggja ára. Það er von nefndarinnar að unnið verði í samræmi við tillögurnar á komandi árum.

Enn eru margar stórar og áhugaverðar landspildur á golfvallarsvæðinu, sem eru afar vel fallnar til trjáræktar, eins og fram kemur á teikningum þeim sem nú eru í vinnslu hjá trjáræktarnefnd.

Trjáræktarnefnd hefur lagt ríka áherslu á að eiga gott samstarf við vallarstjóra og sendir fundargerðir sínar og tillögur til vallarstjóra, framkvæmdastjóra og formanns vallarnefndar.

Gunnar Páll Þórisson og kona hans Svanhvít gáfu klúbbum um 300 stæðilegar trjáplöntur í sumar. Þau létu ekki þar við sitja heldur gróðursettu þær við 4. brautina í Mýrinni. Þeim eru færðar bestu þakkir fyrir höfðinglega gjöf.


Holuþeppni GKG, sem var endurreist á seinasta ári að frumkvæði trjáræktarnendar, var haldin í ár með enn meiri glæsibrag, því alls tók 71 félagi þátt að þessu sinni, en 63 á seinasta ári. Mótsgjaldið, sem rennur til kaupa á trjám, varð kr. 213.000.

Fram hefur komið í skoðunarkönnunum klúbbsins á meðal félaga GKG að mikill meirihluti þeirra kann vel að meta störf trjáræktarmanna á vellinum á liðnum árum. Það er og verður mikil hvatning til trjáræktarnefndar að halda ótrauð áfram starfi sínu á komandi árum. Með stækkandi trjám skapast meira skjól á vellinum og fuglalíf verður fjölbreyttara og mörgum ef ekki flestum finnst völlurinn fallegri með aukinni trjárækt. Tré og runnar setja nú með hverju árinu meiri og fallegri svip á vallarsvæðið.

Fjöldmargar myndir af trjáræktarstarfinu á árunum 2011 og 2012 hafa verið settar inn í myndasafnið á heimsíðu GKG.



EINS ÖFLUG OG VINNAN ER ERFIÐ



In our world there are no amateurs

Akralind 4 • 201 Kópavogur • Sími 544 4656 • Fax 544 4657 • www.mhg.is



PÓSTURINN

VIÐ KOMUM ÞVÍ TIL SKILA

www.postur.is



Holukeppni GKG, sem var endurvakin í fyrra að frumkvæði trjáræktarnefndar eftir nokkurt hlé, nýtur greinilega vaxandi vinsælda í klúbbnum. Þannig tók í ár 71 félagi þátt í úrtökumótinu, en í fyrra reyndu 63 félagar að ná einu af þeim 32 sætum, sem veita rétt til þess að taka þátt í holukeppninni.

Reynslan hefur sýnt að holukeppnin er fyrst og fremst fyrir hinn almenna kylfing á öllum aldri, bæði konur og karla. Svo skemmtilega vildi til að yngsti þátttakandinn, 12 ára drengur, dróst á móti elsta keppandanum, 73 ára karli, strax í fyrstu umferð. Ekki þarf að spyrja að leikslokum: guttinn tók þann gamla í nefið og vann 4/2! Úrslitaleikurinn í holukeppninni var leikinn sunnudaginn

16. september, þegar þeir Gísli Geir Gylfason og Sigurfinnur Sigurjónsson léku um titilinn Holumeistari GKG 2012.

Á myndinni eru þeir Gísli Geir (t.v.) og Sigurfinnur rétt áður en leikur hófst og á milli þeirra stendur holumeistari klúbbsins 2011, Gunnlaugur Sigurðsson, sem afhenti þeim félögum teiggjöf og lagði þeim lífsreglurnar, áður en alvaran byrjaði.

Úrslitaleikurinn var að þessu sinni heldur ójafn, því Gísli Geir átti slæman dag og var ekki „á boltanum“ eins og sagt er. Sigurfinnur lék hins vegar við hvurn sinn fingur. Fór svo að leiknum lauk strax á 12. braut með sigri Sigurfinns, sem var 8 yfir þegar 6 holur voru eftir.

FJÁRÖFLUNARNEFND



Með sama hætti og áður var reynt að halda sem mestri fjölbreytni við fjáröflunarverkefni. Helst er um að ræða samninga við fyrirtæki og velunnara um kostanir, auglýsingar, merkingar á velli og fyrirtækjamót. Allir samningar eru skriflegir til að tryggja gagnsæi í bókhaldi félagsins. Í ár voru félagsmenn hvattir til að hafa samband

við þau félög sem þeir þekktu til hjá, enda margir golfklúbbar að herja á sömu mið.

Einar Gunnar og Ólafur framkvæmdastjóri hófu vinnu í janúar, þar sem farið var að huga að langtímasamningum við fyrirtæki fram yfir Íslandsmótið 2014, sú vinna stóð yfir þar til fráfall Ólafs bar að. Þráðurinn var tekinn upp aftur nú haust þegar saman kom hópur félagsmanna sem fór í greiningu á samningum og hvað GKG getur boðið. Hópurinn samanstendur af Einari Gunnari Guðmundssyni, formanni fjáröflunarnefndar, Agnari Má Jónssyni framkvæmdastjóra, Gunnari Páli Þórisssyni, formanni afreksnefndar, Úlfari Jónssyni íþróttastjóra, Guðmundi Árna Gunnarssyni vallarstjóra og Þórði Má Jóhannessyni. Hópurinn greindi þau tækifæri sem klúbburinn hefur til fjáröflunar og hvaða fyrirtæki eru vænleg að sækja á til að árangur náist. Í ljósi þess að klúbbsbúsið okkar er ekki samkeppnishæft við aðra velli á stór-Reykjavíkursvæðinu er á brattann að sækja varðandi fyrirtækjamótin, en því mikilvægara að sækja fram með aðra kosti fyrir fyrirtækin.

Nú á nýju ári eru margir samstarfssamningar að renna út og því mikilvægt að vel sé haldið á spöðum. Nefndin vill hvetja sem flesta félagsmenn til að aðstoða við fjáröflun á komandi ári, því margsannað er að margar hendur vinna létt verk.

Fjáröflunarnefndin vill þakka öllum styrktar- og auglýsingaaðilum klúbbsins gott, farsælt og vonandi áframhaldandi samstarf.

Einar Gunnar Guðmundsson



EINN SMELLUR

og þú tekur stöðuna
hvar og hvenær sem er

ARION APPIÐ

Með Arion appinu getur þú tekið stöðuna á reikningunum þínum og kortum með einum smelli, án innskráningar. Þú sérð líka nýjustu færslur og ógreidda reikninga. Með því að skrá þig inn getur þú borgað reikninga, millifært og sótt PIN-númerin þín.

Þú finnur upplýsingar um appið á arionbanki.is.



Skannaðu QR kóðann og sæktu
appið frítt í símann þinn



 Arion banki

Áritun stjórnar á ársreikninginn

Stjórn Golfklúbbs Kópavogs og Garðabæjar staðfestir hér með ársreikning klúbbsins fyrir tímabilið 1. nóvember 2011 til 31. október 2012.

Garðabæ, 15. nóvember 2012

Justum Guðlaugsson
Krisdinnur Jónsson
Jónna Káldal
Gunnar Jónsson
Asta Sigmundsdóttir
Einar Einarsson
Simon Kappan
Gunnar M.
Jón K. Baldursson
Bryndis Sigmundsdóttir

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Golfklúbbs Kópavogs og Garðabæjar

Við höfum endurskoðað ársreikning Golfklúbbs Kópavogs og Garðabæjar fyrir reikningsárið 1. nóvember 2011 til 31. október 2012. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisyfirlit og skýringar.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög og reglur. Ábyrgðin felur í sér að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreiknings sem er í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og mati miðað við aðstæður.

Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því álitir sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáiast um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggist á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Við áhættumatid er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreiknings, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits félagsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins, sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á reikningsárinu 1. nóvember 2011 til 31. október 2012, fjárhagsstöðu þess 31. október 2012 og breytingu á handbæru fé á tímabilinu, í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju

Reykjavík, 20. nóvember 2012

KPMG ehf.



Við undirritaðir, kjörnir skoðunarmenn Golfklúbbs Kópavogs og Garðabæjar, höfum yfirfarið ársreikning þennan og er það álit okkar að ársreikningurinn gefi glöggar upplýsingar um rekstur klúbbsins á reikningsárinu, fjárhagsstöðu hans í lok reikningsársins og um breytingu á handbæru fé á tímabilinu.

Reykjavík, 20. nóvember 2012



Rekstraryfirlit 1. nóvember 2011 til 31. október 2012

	Skýr.	2012	2011
Rekstrartekjur			
Félagsgjöld		121.207.610	114.226.600
Vallargjöld		10.115.650	10.781.100
Bolta- og kerruleiga		5.575.570	5.945.735
Tekjur af golfmótum		8.418.064	10.884.850
Rekstrarframlög og fyrirtækjasamningar		32.014.867	24.452.563
Sértekjur íþróttasviðs		10.292.466	8.702.680
Aðrar rekstrartekjur	6	3.456.438	7.106.075
		<u>191.080.665</u>	<u>182.099.603</u>
Rekstrargjöld			
Laun og launatengd gjöld	7	84.275.438	72.039.483
Skáli og áhaldahús	8	4.716.560	6.764.467
Golfvöllur og æfingasvæði	9	45.913.205	45.287.878
Unglingastarf og almenn kennsla	10	1.008.205	832.925
Keppnisgolf og mótahald	11	13.795.154	11.996.168
Gjöld til GSÍ		6.292.000	6.248.000
Annar rekstrarkostnaður	12	9.727.523	9.605.034
Lóðarleiga		3.900.000	3.750.000
Afskriftir	4	12.810.887	13.751.023
		<u>182.438.972</u>	<u>170.274.978</u>
Rekstrartekjur umfram rekstrargjöld		8.641.693	11.824.625
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur		780.536	1.005.925
Vaxtagjöld og verðbætur	(	1.687.338)	(1.813.459)
Leiðrétting fjármögnunarlána		0	16.124.055
	(	<u>906.802)</u>	<u>15.316.521</u>
Rekstrartekjur umfram rekstrargjöld		7.734.891	27.141.146

Efnahagsreikningur 31. október 2012

	Skýr.	2012	2011
Eignir			
Golfvöllur		218.766.295	218.766.295
Golfskáli		25.648.405	30.635.408
Bífreiðastæði og umhverfi		22.908.655	12.908.655
Vélar, tæki og áhöld		24.267.681	26.318.374
Fastafjármunir	4	291.591.036	288.628.732
Vörubirgðir		658.000	340.000
Viðskiptakröfur		7.910.846	3.086.138
Handbært fé		288.969	272.499
Veltufjármunir		8.857.815	3.698.637
Eignir samtals		300.448.851	292.327.369
Eigið fé			
Eigið fé		287.602.377	279.867.486
Eigið fé	5	287.602.377	279.867.486
Skammtímaskuldir			
Skuldir við lánastofnanir		1.431.798	1.421.930
Viðskiptaskuldir		2.837.349	4.013.974
Næsta árs afborgun langtímaskulda		0	0
Aðrar skammtímaskuldir		8.577.327	7.023.979
		12.846.474	12.459.883
Skuldir		12.846.474	12.459.883
Eigið fé og skuldir samtals		300.448.851	292.327.369

Sjóðstreymisyfirlit

1. nóvember 2011 til 31. október 2012

	Skýr.	2012	2011
Rekstrarhreyfingar			
Rekstrartekjur umfram rekstrargjöld		7.734.891	27.141.146
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Leiðrétting fjármögnunarlána		0	(16.124.055)
Hagnaður af sölu varanlegra rekstrarfjármuna		0	(2.008.000)
Afskriftir	4	12.810.887	13.751.023
Veltufé frá rekstri		20.545.778	22.760.114
Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda:			
Skammtímafröfur, (hækkun) lækkun	(	4.824.708)	(36.472)
Skammtímaskuldir, lækkun		376.723	1.967.581
Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda	(	4.765.985)	1.931.109
Handbært fé frá rekstri		15.779.793	24.691.223
Fjárfestingarhreyfingar			
Keyptir varanlegir rekstrarfjármunir	(	15.773.191)	(14.172.009)
Seldir varanlegir rekstrarfjármunir		0	3.337.500
Fjárfestingarhreyfingar	(	15.773.191)	(10.834.509)
Fjármögnunarhreyfingar			
Afborganir langtímalána		0	(5.735.397)
Skammtímalán, breyting		9.868	(8.372.307)
Fjármögnunarhreyfingar		9.868	(14.107.704)
Breyting á handbæru fé		16.470	(250.990)
Handbært fé í byrjun tímabils		272.499	523.489
Handbært fé í lok tímabils		288.969	272.499



Ég spila alltaf golf með hjálm. Hvern langar að fá kylfu í hausinn – eða fugl?

VERTU MEÐ F PLÚS OG EINBEITTU ÞÉR AÐ ÞVÍ AÐ FULLKOMNA SVEIFLUNA


F plús fjölskyldutryggingin inniheldur slysa-tryggingu sem tryggir þig við golfiðkun í frítíma. Við hjá VÍS trúum því samt að heilt sé betra en vel gróð og minnum á að með

einföldum forvörnum er hægt að koma í veg fyrir slys. Virðum reglur, gætum að umhverfinu og höldum okkur alltaf í hæfilegri fjarlægð frá leikmanni sem er að slá.

VÍS | ÁRMÚLA 3 | 108 REYKJAVÍK | SÍMI 560 5000 | VIS.IS

vís





Ólafur E. Ólafsson
framkvæmdastjóri GKG
Fæddur 6. mars 1958
Dáinn 17. maí 2012



Ólafur E. Ólafsson
 framkvæmdastjóri GKG 2007–2012

Það var mikill fengur fyrir GKG þegar Ólafur E. Ólafsson var ráðinn framkvæmdastjóri klúbbsins í október 2007. Hann var staðfastur, skynsamur og réttsýnn og lagði áherslu á góða umgengni um völinn og annað sem klúbbum tilheyrði. Hann var einstaklega skipulagður sem kom sér mjög vel í hans starfi og var vakinn og sofinn yfir velferð GKG. Óhætt er að segja að hann hafi lyft grettistaki í rekstri klúbbsins.

Það var alltaf gaman þar sem Óli var og stutt í húmorinn.

Ég minnst hans brosandi með kaffibollann fyrir framan skálann þegar mætt var til leiks.

Það var okkur mikið áfall er við fréttum að Óli hefði fengi hjartaáfall

á Leirdalsvellingum 17. maí síðastliðinn og látist skömmu síðar, langt um aldur fram.

Félagar í GKG sakna Ólafs og eru þakklátir fyrir þau störf sem hann innti af hendi fyrir klúbbinn.

Félagar og stjórn GKG þakka honum frábært samstarf og við vottum fjölskyldu hans innilega samúð okkar.

Áslaug Sigurðardóttir



**Guðjón Henning
Hilmarsson**

Ragna Björk Ólafsdóttir



Lokaorð

Þá er þessu starfsári að ljúka og er óhætt að segja að það hafi um margt verið viðburðaríkt. Eins og glöggst má sjá við lestur þessarar ársskýrslu er unnið mjög metnaðarfullt starf innan GKG. Þar koma margir að og vill stjórnin þakka þeim öllum fyrir vel unnin störf á liðnu starfsári. Vitanlega mæðir mest á framkvæmdastjóranum Agnari Má Jónssyni, vallarstjóranum Guðmundi Á. Gunnarssyni og Úlfari Jónssyni íþróttastjóra. Þessir þrír eru lykilmenn í öllum umsvifum GKG og vill stjórnin þakka þeim öllum sérstaklega fyrir vel unnin störf á liðnu starfsári. Vellirnir okkar hafa tekið miklum stakkaskiptum á liðnum árum og sl. sumar var mikil áhersla

lögð á aukna snyrtingu þeirra og það kunnum við öll vel að meta.

Þessum þáttum verður haldið áfram og við erum staðráðin í að gera Leirdalsvöllinn eins góðan og mögulegt er og halda Íslandsmótið í högguleik á honum sumarið 2014 með bros á vör.

Ég vil svo þakka meðstjórnarmönnum mínum fyrir gott samstarf svo og öllu starfsfólki GKG ásamt öllum félögum í klúbbnum og loks ekki síst öllum þeim mikla fjölda sem vinnur við þjálfun og starfar í nefndum á vegum GKG fyrir þeirra þátt í að gera klúbbinn okkar sem öflugastan.

Guðmundur Oddsson formaður.

Jólagjöf

golfarans fæst í Hraunkoti

Nýjung í Hraunkoti

Nú er hægt að fá boltakort í jólagjafaumbúðum



SILFUR

GJAFABRÉF

582 æfingaboltar
ásamt 4x50 mínútna
golfkennslu hjá
golfkennara
Hraunkots

Hraunkot
Golfæfingasvæði

hraunkot.is

Silfurgjafabréf, kennsla og boltar í Hraunkoti. Tilvalið fyrir þá sem eru að læra undirstöðuatriði golfleiksins. Gjafabréfið inniheldur fjóra golf tíma í 50 mín. hjá golfkennara Hraunkots og boltamagn gullkorts.

Silfurgjafabréf kostar 26.000 kr.

GULL

GJAFABRÉF

582 æfingaboltar
ásamt 5x25 mínútna
golfkennslu hjá
golfkennara
Hraunkots

Hraunkot
Golfæfingasvæði

hraunkot.is

Gullgjafabréf, kennsla og boltar í Hraunkoti. Tilvalið fyrir þá sem komnir eru af stað í golfi og vilja halda áfram á réttri braut. Gjafabréfið inniheldur fimm 25 mín. golf tíma hjá golfkennara Hraunkots og boltamagn gullkorts.

Gullgjafabréf kostar 21.000 kr.

DEMANTS

GJAFABRÉF

3309 æfingaboltar
ásamt 2x25 mínútna
golfkennslu hjá
golfkennara
Hraunkots

Hraunkot
Golfæfingasvæði

hraunkot.is

Demantsgjafabréf, kennsla og boltar í Hraunkoti. Tilvalið fyrir golfara sem vilja æfa sig og fá smá kennslu hjá golfkennara. Gjafabréfið inniheldur tvo 25 mín. golf tíma hjá golfkennara Hraunkots og boltamagn demantskorts.

Demantsgjafabréf kostar 24.000 kr.

PLATINU

GJAFABRÉF

1271 æfingabolti
ásamt 3x25 mínútna
golfkennslu hjá
golfkennara
Hraunkots

Hraunkot
Golfæfingasvæði

hraunkot.is

Platínugjafabréf, kennsla og boltar í Hraunkoti. Tilvalið fyrir þá sem vilja láta fínþússa sveifluna eða stutta spilið. Gjafabréfið inniheldur þrjá 25 mín. golf tíma hjá golfkennara Hraunkots og boltamagn platínukorts.

Platínugjafabréf kostar 18.000 kr.

Golfkennarar Hraunkots



Sigurpáll



Björgvin



Jóhann

Gjafabréfin fást í
Golfbúðinni Dalshrauni 13
og Hraunkoti (golfæfingasvæði Keilis)

Nánari upplýsingar í Hraunkoti í síma 565-3361

Golfkennarar Hraunkots eru IPGA meðlimir

Hraunkot
Golfæfingasvæði



Svo allir fáir sitt...


Heilbriggt efnahagslíf byggist á góðu flæði fjármagns.

Við stuðlum að heilbrigðu efnahagslífi með því að gera viðskipti einföld, örugg og sanngjörn.

Því meiri viðskipti sem eiga sér stað, því betra fyrir þjóðfélagið, fyrirtæki og neytendur.

Við hjálpum báðum aðilum viðskiptasambands að eiga sanngjörn viðskipti og byggja þannig upp langtíma viðskiptasambönd sem skapa verðmæti fyrir alla aðila.

Motus - svo allir fáir sitt.



Niðurstaðan er sú að það er allra hagur að fjársteymi og viðskiptalífið virki sem best. Um það snýst Motus

motus
www.motus.is